



## Fundur háskólaráðs 23. mars 2000

### Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 20.03.2000 12:24:26  
Dags: 23.03.2000

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

---

3/2000

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 23. mars, kl. 1330 var haldinn fundur í háskólaráði.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Samningur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um Borgarfræðasetur var undirritaður af rektor og borgarstjóra 17. mars 2000, sbr. samþykkt ráðsins 15. júní 1999.
- 1.2 Stuðlað verði að því að allir starfsmenn Háskóla Íslands hafi aðgang að nýlegum og samræmdum hugbúnaði. - Samþykkt einróma.
- 1.3 Samkomulag Samtaka iðnaðarins, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi á Íslandi.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

1. Drög að erindisbréfi fyrir Alþjóðasamskiptaráð Háskóla Íslands 1999-2001 sem skipað var á fundi ráðsins 11. febrúar 1999.
2. Drög að úrskurði háskólaráðs vegna stjórnarsýslukæru Erlings Þorsteinssonar, fv. nemanda í viðskipta- og hagfræðideild.
3. Drög að úrskurði háskólaráðs vegna stjórnarsýslukæru Stúdentaráðs f.h. Írisar Bjarkar Gylfadóttur nemanda í námsbraut í hjúkrunarfræði.

### 3. Mál til fróðleiks

1. Ársreikningur Lyfjabúðar Háskóla Íslands - Reykjavíkur Apóteks.
2. Drög að erindisbréfi deildaforseta.
4. Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar. Fyrir fundinum lá vinnuafila dags. 23.3.2000 um rekstraráætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2000. Ingjaldur gerði grein fyrir rekstraráætluninni. Áætlunin var rædd.

5. Fyrir fundinum lágu drög að rökstuðningi fyrir fjárveitingum til rannsókna við Háskóla Íslands. Ingjaldur skýrði drögin. Aðalkrafa Háskóla Íslands er sú að fjárveitingar til rannsókna verði jafnar fjárveitingum til kennslu. Ingjaldur greindi frá fundi með menntamálaráðuneytinu 15. þ.m. um fyrirhugaðan samning um rannsóknir.
6. Inn á fundinn kom Snjólfur Ólafsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild og gerði grein fyrir fyrirhuguðu MBA námi við Háskóla Íslands. Fyrir fundinum lágu gögn varðandi stjórnskipulag námsins, kostnaðaráætlun o.fl. Málið var rætt og svaraði Snjólfur spurningum sem fram komu og vörðuðu m.a. gjaldtöku vegna námsins og hlutverk deildarinnar og Endurmenntunar í náminu. Snjólfur hvarf af fundi. Málið var rætt frekar og kom fram stuðningur við það að koma á MBA námi við háskólann. Sú skoðun kom fram að MBA námið hafi sérstöðu og að gjöld vegna þess skapi ekki fordæmi um samsvarandi gjaldtöku af öðru námi.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða: „Fyrir liggur að viðskipta- og hagfræðideild hyggt koma á fót MBA námi við Háskóla Íslands.

Í 2.mgr. 9.gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, er deildum heimilað að standa fyrir endurmenntun og samkvæmt 2.mgr. 18.gr. laganna er háskólanum heimilað að innheimta þjónustugjöld fyrir endurmenntun.

Verið er að leggja lokahönd á tillögu að nýrri reglugerð fyrir Háskóla Íslands og verður þar að finna ákvæði m.a. um endurmenntun á vegum háskóladeilda og gjaldtöku fyrir þjónustu. Reglugerðardrög þessi verða send deildum til umsagnar á næstu dögum og síðan lögð fyrir háskólafund, sem haldinn verður 18. og 19. maí n.k. Í framhaldi af því mun háskólaráð setja nýja reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Háskólaráð fagnar þessu frumkvæði viðskipta- og hagfræðideildar og telur eðlilegt að hefja kynningu á MBA námi og skrá nemendur þegar traustum grundvelli hefur verið skotið undir námið með setningu nýrrar reglugerðar."

7. Inn á fundinn kom Ólafur Jóhannes Einarsson, lögræðingur á rektorsskrifstofu. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs kynnti drög að nýrri reglugerð fyrir Háskóla Íslands samkvæmt lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Samþykkt var að senda deildum og stofnunum drögin til umsagnar.
8. Frestað var að ræða reglur um framhaldsnám í heimspekideild.

Fleira var ekki gert  
Fundir slitið kl. 1620